



# Persónuverndarstefna grunnskóla Reykjanesbæjar



# Persónuverndarstefna grunnskóla Reykjanesbæjar

Samþykkt í fræðsluráði Reykjanesbæjar 14. maí 2021.

## Persónuverndarstefna [nafn grunnskóla]

Akurskóli (einnig vísað til sem „skólinn“) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem skólinn vinnur. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að upplýsa nemendur, foreldra og forráðamenn nemenda um hvaða persónuupplýsingar skólinn safnar, með hvaða hætti skólinn nýtir slíkar persónuupplýsingar og hverjir fá aðgang að upplýsingunum.

Persónuverndarstefna þessi nær til persónuupplýsinga er varða alla núverandi og fyrrverandi nemendur skólans sem og foreldra og forráðamenn þeirra. Í stefnu þessari er jafnframt vísað til nemenda, foreldra og forráðamanna sem „bín“ og skólans sem „okkar“.

## 1. Tilgangur og lagaskylda

Skólinn leitast við að uppfylla í hvívetna skilyrði þeirrar persónuverndarlöggjafar sem er í gildi hverju sinni og er stefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“). Skólinn kemur fram sem ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með, nema annað sé tekið fram.

## 2. Hvað er vinnsla persónuupplýsinga?

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

Undir hugtakið vinnsla fellur öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, s.s. söfnun, skráning, varðveisla og eyðing.

## 3. Persónuupplýsingar sem skólinn safnar og vinnur

### 3.1. Foreldrar, forráðamenn og aðrir aðstandendur

Skólinn vinnur með eftirfarandi upplýsingar og foreldra og forráðamenn nemenda við skólann, auk annarra upplýsinga sem foreldrar og forráðamenn kjósa að afhenda skólanum:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- greiðslumáti fyrir frístundaheimili; og
- undirskriftir og heimildir foreldra fyrir ferðalögum, birtingu mynda o.fl.

Foreldrar og forráðamenn geta valið hvort þeir fái tölvupóst frá foreldrafélagi skólans. Þá býðst foreldrum og forráðamönnum jafnframt að skrá grunnupplýsingar annarra tengiliða nemanda.

### 3.2. Nemendur

Skólinn safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um nemendur. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað eftir því í hvaða bekk nemandi er, en einnig eftir sambandi nemandans við skólann.

Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem skólinn safnar um nemendur sína:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- upprunaland, móðurmál og tungumál talað á heimili nemenda;
- kyn;
- bekkur
- heilsufarsupplýsingar, s.s. um ofnæmi og greiningar;
- upplýsingar úr einstaklingsnámskrá;
- upplýsingar um viðveru, s.s. um mætingu, leyfi og veikindi;
- úrlausnir nemenda í verkefnavinnu og á prófum;
- námsmat;
- hvort nemandi sé í mjólkuráskrift;
- upplýsingar úr skimunum eftir námsörðugleikum;
- upplýsingar um hópaskiptingu;
- upplýsingar um félagsleg tengsl sem safnast með tengslakönnun;
- atvikaskráningar og hrós sem skráð er í dagbók;
- upplýsingar af gát- og skimunarlistum vegna aðkomu skólaþjónustu Reykjanesbæjar;
- upplýsingar vegna slysaskráningar, s.s. upplýsingar um áverka, hvar og hvenær slysið varð og hver viðbrögð voru við slysinu;
- upplýsingar vegna tilkynninga til Barnaverndar, s.s. grunur um brot gegn nemanda eða vanrækslu;
- upplýsingar vegna samskipta við lögreglu, s.s. vegna alvarlegs ofbeldis, skemmdarverks og fíkniefnabrots nemandans; og
- ljósmyndir úr skólastarfi, bekkjamyndir og myndbönd.

Þá er reglulega lögð könnun fyrir nemendur í þeim tilgangi að sinna lögbundnu eftirliti með gæðum skólastarfsins, en svör nemenda eru ópersónugreinanleg og því aldrei rekjanleg til tiltekinna nemenda.

Auk framangreindra upplýsinga kann skólinn að safna og vinna aðrar upplýsingar sem nemendur, foreldrar og forráðamenn telja nauðsynlegt að upplýsa skólann um, sem og upplýsingar sem eru skólanum nauðsynlegar vegna starfsemi skólans.

## 4. Hvaðan koma upplýsingarnar?

Að meginstefnu til koma þær persónuupplýsingar sem skólinn vinnur með beint frá foreldrum, forráðamönnum og nemendum sjálfum, en starfsfólk skólans skráir einnig upplýsingar um nemendur, sem eru nauðsynlegar vegna skólastarfsins og til að tryggja utanumhald um nemendur. Upplýsingar kunna einnig að koma frá utanaðkomandi sérfræðingum, s.s. þroskaþjálfara, skólahjúkrunarfræðingi, sálfræðingi og öðrum sem koma að máli barns. Hafi verið óskað eftir atbeina fræðsluviðs Reykjanesbæjar vegna skólaþjónustu, s.s. vegna sálfræði- og kennsluráðgjöf, kunna upplýsingar um nemendur jafnframt að koma frá fræðsluviði. Þá kunna jafnframt að berast upplýsingar úr grenndarsamfélaginu, þ.e. íþróttamiðstöð, leikskólum sem nemendur koma úr og frá öðrum íbúum vegna mála þar sem atbeina lögreglu er þörf.

## 5. Hvers vegna safnar skólinn persónuupplýsingum og á hvaða grundvelli?

Skólinn safnar persónuupplýsingum um nemendur, foreldra og forráðamenn fyrst og fremst til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum um grunnskóla og stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim lögum. Sú vinnsla sem framkvæmd er á þeim grundvelli felst einkum í vinnslu á eftirfarandi upplýsingum:

- samskiptaupplýsingar nemenda, foreldra, forráðamanna og annarra tengiliða sem gefnir eru upp, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- upprunaland, móðurmál og tungumál talað inn á heimili;
- bekkur;
- kyn;
- heilsufarsupplýsingar, s.s. um ofnæmi, greiningar og vegna þarfar á sértækri aðstoð;
- upplýsingar úr einstaklingsnámskrá
- upplýsingar um félagsleg tengsl nemenda;
- upplýsingar um viðveru, s.s. um mætingu, leyfi og veikindi;
- upplýsingar um greiðslumáta í frístund;
- úrlausnir nemenda í verkefnavinnu og á prófum;
- námsmat;
- upplýsingar úr skimunum eftir námsörðugleikum;
- upplýsingar um hópaskiptingu;
- dagbóarskráningar sem innihalda atvikaskráningar og hrós;
- upplýsingar vegna slysaskráningar, s.s. upplýsingar um áverka, hvar og hvenær slysið varð og hver viðbrögð voru við slysinu;
- upplýsingar af gát- og skimunarlistum vegna aðkomu skólalátnustu Reykjanesbæjar;
- netfang nemenda í þeim tilgangi að veita aðgang að upplýsingakerfum skólans;
- upplýsingar úr tengslakönnunum sem þáttur í könnun á félagstengslum.

Vinnsla heilsufarsupplýsinga nemenda er jafnframt nauðsynleg vegna sjúkdóma sem nemendur glíma við og til þess að koma til móts við nemendur, en í grunnskólalögum er að finna heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir velferð barnsins. Þá kann vinnsla skólans á persónuupplýsingum nemenda, foreldra og forráðamanna jafnframt að byggja á öðrum lagaskyldum skólans, s.s. á grundvelli barnaverndarlaga.

Vinnsla persónuupplýsinga vegna samskipta skólans við lögreglu getur ýmist byggt á lögmætum hagsmunum skólans af öryggis- og eignavörslu eða á lagaskyldu skólans um að tilkynna alvarlegri brot til lögreglu.

Sú vinnsla sem framkvæmd er til að uppfylla skyldur skólans samkvæmt samningi okkar við foreldra og forráðamenn getur varðar meðal annars mjólkuráskrift nemenda, frístundavistun og samning um notkun nemenda á spjaldtölvum.

Þá óskar skólinn eftir samþykki foreldra og forráðamanna fyrir töku og birtingu ljósmynda og myndefnis úr skólastarfi nemenda sem og töku bekkjarmynda. Ávallt er hægt að afturkalla samþykki fyrir birtingu myndefnis með því að hafa samband við skólastjóra.

Skólinn skuldbindur sig að öll vinnsla á persónuupplýsingum um nemendur sé lögleg, sanngjörn og gagnsæ. Upplýsingum verði aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi og að söfnun og vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

## 6. Miðlun til þriðja aðila

Skólinn kann að miðla upplýsingum til þriðja aðila vegna þjónustu þeirra við skólann eða nemendur. Þar sem rekstur skólans er í höndum Reykjanesbæjar og ýmis þjónusta við skólann er jafnframt fengin þaðan, kann skólinn að miðla persónuupplýsingum til tiltekinna sviða sveitarfélagsins. Þannig kann skólinn að miðla upplýsingum til fræðsluviðs Reykjanesbæjar vegna skólabjónustu. Nemendaverndarráð fjallar jafnframt um tilvísanir til skólabjónustu sveitarfélagsins og tekur því við nauðsynlegum persónuupplýsingum svo hægt sé að óska eftir sérúrræðum fyrir viðkomandi nemanda. Einnig kann að vera miðlað til fjármálasviðs vegna útgáfu reikninga og bókhalds og til skrifstofu stjórnsýslu vegna upplýsinga og tölvumála. Í þessum tilfellum koma viðkomandi svið og skólinn fram sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar.

Skólinn kann einnig að miðla upplýsingum til þriðja aðila vegna þjónustu þeirra við skólann eða nemendur. T.a.m. er samskiptaupplýsingum nemenda og foreldra sem og heilsufarsupplýsingum nemenda miðlað til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja vegna þjónustu skólahjúkrunarfræðings og ef alvarleg slys verða á nemendum kann upplýsingum um slysið að vera miðlað til tryggingafélags skólans. Þá er upplýsingum vegna samræmdra könnunarprófa og lesferils nemenda miðlað til Menntamálastofnunar.

Myndir kunna að vera birtar í útgefnu efni á vegum skólans (vikupistlum, skólanámskrá o.fl.), á vefsíðu skólans, á Mentor og á veggjum skólans. Myndefni kann einnig að vera birt í fjölmiðlum.

Þegar nemendur skipta um grunnskóla eru nauðsynlegar upplýsingar sendar í móttökuskóla og geta foreldrar og forráðamenn jafnframt óskað eftir því að umsjónarkennari upplýsi nýjan umsjónarkennara nánar um námslega stöðu nemanda. Þegar nemandi lýkur tíunda bekk og hyggst sækja nám á næsta skólastigi er nauðsynlegum upplýsingum um nemanda miðlað til viðkomandi framhaldsskóla.

Þá kunna þriðju aðilar sem veita skólanum upplýsingatækniþjónustu að hafa aðgang að persónuupplýsingum þeim sem skráðar eru hjá skólanum.

Þeir aðilar sem veita skólanum upplýsingatækniþjónustu kunna að hýsa upplýsingar utan Íslands. Skólinn mun þó ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

Einnig kann persónuupplýsingum að vera miðlað til þriðja aðila á grundvelli laga, s.s. til Barnaverndar, lögreglu og Menntamálastofnunar, eða til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði. Afhending getur einnig verið nauðsynleg í neyðarástandi eða til að tryggja öryggi starfsmanna og nemenda skólans.

## 7. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Skólinn leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

## 8. Hversu lengi eru persónuupplýsingar varðveittar?

Grunnskóli á vegum Reykjanesbæjar er afhendingarskyldur til Þjóðskjalasafns Íslands á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, því er skólanum óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar.

## 9. Réttindi nemenda og foreldra og forráðamanna vegna þeirra persónuupplýsinga sem skólinn vinnur

Þú átt rétt á að fá staðfest hvort við vinnum persónuupplýsingar um þig eða barn þitt, og ef svo er getur þú óskað eftir aðgangi að upplýsingunum og hvernig vinnslunni er hagað. Þá kann einnig að vera að þú hafir rétt á að fá afrit af upplýsingunum. Við ákveðnar aðstæður getur þú farið fram á það við skólann að við sendum upplýsingar, sem þú hefur sjálf/ur látið okkur í té eða stafa frá þér, beint til þriðja aðila, s.s. annars skóla.

Þá átt þú og barn þitt rétt á að fá rangar persónuupplýsingar leiðréttar. Réttur til eyðingar persónuupplýsinga er þó takmarkaður, í ljósi þess að skólinn er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga um opinber skjalasöfn. Undir ákveðnum kringumstæðum getur réttur til takmörkunar á vinnslu persónuupplýsinga verið til staðar, t.d. ef þú óskar eftir leiðréttingu á upplýsingum. Einnig getur þú óskað eftir því að skólinn vinni ekki persónuupplýsingarnar frekar á meðan skólinn sannreynir að upplýsingarnar séu í raun rangar.

Sé vinnsla á persónuupplýsingum þínum eða barns þíns byggð á lögmætum hagsmunum skólans, eða því opinbera valdi sem skólinn fer með, átt þú einnig rétt á að mótmæla þeirri vinnslu.

Framangreind réttindi eru þó ekki fortakslaus. Þannig kunna lög að skylda skólann til að hafna ósk um aðgang að gögnum. Þá getur skólinn hafnað beiðni þinni vegna réttinda annarra aðila, s.s. til friðhelgi einkalífs, telji skólinn þau réttindi vega þyngra.

## 10. Fyrirspurnir og kvartanir vegna vinnslu persónuupplýsinga

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er í 9. gr. í stefnu þessari þá vísast til umsóknarforms á MittReykjanes.is, eða ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi persónuverndarstefnu þessa eða það hvernig skólinn vinnur með persónuupplýsingar, vinsamlegast hafðu þá samband við skólastjóra Akurskóla. Einnig er hægt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins með því að senda tölvupóst á netfangið [personuvernd@reykjanesbaer.is](mailto:personuvernd@reykjanesbaer.is).

Ef þú ert ósátt/ur við vinnslu skólans á persónuupplýsingum getur þú sent erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

## 11. Samskiptaupplýsingar

Skólastjóri Akurskóla hefur umsjón með eftirfylgni þessarar persónuverndarstefnu. Hér fyrir neðan má finna samskiptaupplýsingar skólans:

akurskoli@akurskoli.is

Samskiptaupplýsingar skólans:

Akurskóli  
Tjarnabraut 5  
260 Reykjanesbæ  
4204550

## 12. Endurskoðun

Skólinn getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig skólinn vinnur

með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á stefnu þessari verður slíkt kynnt nemendum, foreldrum og forráðamönnum á sannanlegan hátt.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur fengið samþykkt fræðsluráðs.



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS